Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

Reykjavík, 29. nóvember 2022
ITR22110012

Borgarráð

***Gjaldskrá fyrir hundahald***

Á fundi menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs 28. nóvember 2022 var lögð fram eftirfarandi tillaga vegna hundahalds í Reykjavík fyrir árið 2023:

Lagt er til að gjaldið verði 15.700 kr. og gefin verði 30% afsláttur fyrir þá sem hafa lokið námskeiði. Auk þess verði ekkert gjald fyrir fyrsta árið þegar hundur er skráður.

Samþykkt og vísað til borgarráðs með 5 atkvæðum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá.

Lögð fram eftirfarandi bókun fulltrúa Samfylkingar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna:

Eftir stofnun Dýraþjónustu Reykjavíkur hefur ásókn í þjónustu, símtöl og ráðgjöf aukist mikið, en tölfræðin sýnir að langflest erindi snúa að hundum. Ánægja er með þjónustuna, samtal við hagsmunasamtök hefur batnað og hundasvæðin í borginni hafa verið stórbætt, m.a. leiktæki sett upp víða til að bæta þessa mikilvægu frístundaiðkun borgarbúa. Til að ná markmiði um aukningu skráðra hunda í borginni fellur skráningargjaldið niður á sama tíma og er hækkun gjalda hófleg, bæði í samræmi við verðlagshækkanir og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,

Steinþór Einarsson,
starfandi sviðsstjóri ÍTR.

ÍTR
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími 411 5000